

*24. þing Landssambands ísl. verzlunarmanna  
í Reykjavík 14. - 15. nóvember 2003*

---

**Ályktun um kjaramál**

24. þing LÍV leggur á það áherslu að stöðugleika verði viðhaldið og hvetur stjórnvöld til þess að taka ábyrgð á sínum þætti í efnahagsstjórnuninni. Þingið telur nauðsynlegt að halda áfram sérstakri hækkun lægstu launa, eins og verið hefur í síðustu kjarasamningum, til þess að koma í veg fyrir of mikinn launamun. Jafnframt þarf að tryggja að þær almennu launahækkanir sem samið verði um, skili launafólki kaupmáttaraukningu.

Þingið leggur áherslu á að skattalækkanir sem rýra velferðarkerfið verði ekki skiptimynt í komandi kjarasamningum. Það er nauðsynlegt að velferðarkerfið sé styrkt og möguleikar fólks til viðunandi lífsafkomu séu tryggðir.

Þrátt fyrir að verulegar líkur séu á auknum hagvexti á næstu misserum eru þó ýmsar blikur á lofti. Atvinnuleysi er verulegt, ruðningsáhrif fyrirhugaðra stórframkvæmda geta orðið talsverð og ýmislegt bendir til vaxtahækkana á næstunni. Þessi atriði geta gert launahækkanir næstu kjarasamninga að engu sé ekki rétt á málum haldið.

Markmið kjarasamninga er að tryggja viðunandi starfskjör fyrir hóflegan vinnutíma og auka þannig lífsgæði fólks. Launþegar líta mjög mismunandi augum á samsetningu launa sinna og byggist það að stórum hluta á aldri viðkomandi. Sveigjanleiki á vinnumarkaði þarf því að vera til staðar til hagsbóta fyrir alla aðila og miðast við þarfir hvers og eins.

Kjarabaráttá á næstu árum mun því mótast meira en áður af hagsmunum og þörfum einstaklingsins. Af þeim sökum þarf að taka aukið tillit til þátta eins og fjölskyldu, aldurs og menntunarþarfa. Að mati þingsins þarf því að gefa launþegum aukinn möguleika á því að velja með hvaða hætti þeir taka kjarabætur sínar hverju sinni með auknum sveigjanleika, t.d. er varðar laun, orlof, vinnutíma og lífeyri.